

## Ráðherranefndartillaga um Nordplus 2018–2022

### 1. Samantekt

Nordplus er stærsta menntamálaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði símenntunar, einnig í rótgrónu samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Ráðherranefndartillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir (MR–U) fjallar um nýja Nordplusáætlun til fimm ára (2018–2022) og nokkrar áherslu-breytingar sem gerðar hafa verið á áætluninni.

Almenn markmið og tilhögun áætlunarinnar eru skráð í *Áætlunarskjali Nordplus 2018–2022*.

Þekkingar- og menningarnefnd Norðurlandaráðs var greint frá úttektinni á Nordplus þann 26. janúar 2016 og henni jafnframt gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar snemma í ferlinu.

### 2. Bakgrunnur

Gerð var úttekt á Nordplusáætluninni á árinu 2015. Í úttektinni voru teknar fyrir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á núverandi gildistímabili áætlunarinnar og áskoranir sem gert hafa vart við sig:

- ) Hefur einföldun á Nordplus Junior haft tilætluð áhrif? Er ástæða til að einfalda áætlunina enn frekar?
- ) Hvernig gengur Nordplus Norræn tungumál eftir að Eystrasaltsríkin gerðust aðilar að áætluninni og breytingar voru gerðar á þátttökureglum? Er ástæða til að gera frekari breytingar á áætluninni?
- ) Hvernig er hreyfanleika háttáð í Nordplus?
- ) Er þörf á að hámarka stjórnunartæki Nordplus, þá einkum í undiráætlunum Nordplus Junior og Nordplus á háskólastigi, með hliðsjón af áætlunum ESB?
- ) Hvernig starfar nýja áætlunarnefndin? Hefur sameiginleg áætlunarnefnd leitt til þess að áherslur séu skýrari og meira samhengi í stjórn áætlunarinnar? Er áætlunarnefndin hentugt og hagkvæmt stjórnunartæki?
- ) Hvernig gengur umsýslan eftir að öflugur samhæfingaraðili tók við henni?
- ) Er unnið nægilega kerfisbundið og samfelld að því að efla kynningu, fræðslu og miðlun árangurs?

Niðurstöður skýrslunnar *Evaluation of Nordplus* (Faugert & CO Utvärdering: 2015) eru svohljóðandi:



1. Á heildina litið er það mat úttektaðila Nordplus að áætlunin starfi í meginatriðum sem skyldi og mælir hann með nýju gildistímabili Nordplus-áætlunarinnar með sams konar fjárveitingu og á núverandi gildistímabili áætlunarinnar.
2. Úttektaðilinn telur mikla þörf á að skýra markmið undiráætlunarinnar Nordplus Norræn tungumál sem og skilyrði fyrir að sækja um fé þaðan. Úttektaðilinn mælir jafnframt með því að rætt verði hvort veita eigi kost á að skrifa umsóknir á ensku.

Aðrar tillögur varða fínstillingar í umsýslunni og eiga því ekki við um áætlunarskjal Nordplus nema að takmörkuðu leyti.

### 3. Tillaga

Hér verður greint frá helstu breytingum sem varða áætlunarskjal Nordplus. Auk þeirra verða gerðar smávægilegar breytingar í handbók Nordplus sem eru umsýslulegs eðlis. Þær snúast aðallega um hvernig hægt er að gera Nordplusáætlunina notendavæna og að hún virki vel sem styrkjaáætlun gagnvart Erasmus+.

#### *Nordplus Tungumál Norðurlanda*

Ráðherranefndartillagan hefur það að markmiði að skýra ramma og forgangsroðun undiráætlunarinnar Nordplus Tungumál Norðurlanda.

Tillagan felur í sér sýnilegri tengingu við *Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda (tungumálayfirlýsinguna)*. Nordplus styður verkefni sem fjalla um *undirstöðutungumál norrænna samfélaga* (dönsku, finnsku, færeysku, grænlandsku, íslensku, norsku, samísku og sænsku), og tákni á Norðurlöndum, sbr. 2. lið í áætlunarskjali Nordplus. Þetta er ástæðan fyrir því að lagt er til að nafni undiráætlunarinnar verði breytt úr Nordplus Norræn tungumál í Nordplus Tungumál Norðurlanda.

Fyrri áætlunin, Nordplus Norræn tungumál, hlaut fastan sess í rammaáætluninni Nordplus árið 2012. Á sama tíma var Eystrasaltsríkjunum veitt aðild að áætluninni en markmið og áherslur hennar héldust óbreyttar. Þrátt fyrir að umsóknir færu að berast frá Eystrasaltsríkjunum stóð Norræna ráðherranefndin fast á þeirri kröfu að vinnutungumálin skyldu vera danska, norska eða sænska í tungumálaverkefnum sem hlutu styrki úr umræddri undiráætlun Nordplus.

Skapar þetta vanda fyrir starfsfólk margra umsækjenda í Eystrasaltsríkjunum eða á Norðurlöndum, sem sér um að skrifa umsóknir og skila skýrslum en skortir færni í dönsku, norsku eða sænsku. Þetta vefst einnig fyrir fulltrúum Eystrasaltsríkjanna sem taka þátt í starfi áætlunarnefndarinnar sem viðkemur undiráætluninni.

Því er lagt til að umsóknarferlið og fundir áætlunarnefndar um Nordplus Tungumál Norðurlanda geti farið fram á ensku rétt eins og í hinum undiráætlunum Nordplus.

Í tillögunni felst einnig að leyfilegt verði að veita styrki til tvíhliða samstarfs og að styrkir til tungumálaverkefna geti numið allt að 75% (aukning úr 50%). Breytingin er



til komin vegna eindreginnar óskar þátttakenda í norrænu og norrænu-baltnesku tungumálasamstarfi, en þar er oft um að ræða litlar stofnanir eða samtök.

#### *Nýir umsækjendur*

Nordplus er vinsæl styrkjaáætlun hjá notendum. Ef orðið yrði við öllum gildum umsóknum sem berast og það að fullu þyrfti Nordplus þrefalt hærra ráðstöfunarfé en fjárhagsramminn gefur kost á. Engu að síður er alltaf stefnt að því að Nordplus eigi að vera mikilvæg styrkjaáætlun, einnig fyrir ný samtök og menntastofnanir.

Tillagan felur í sér að hægt verði að auglýsa styrki til undirbúningsheimsókna áður en sótt er um styrki til samstarfsverkefna, stofnunar samstarfsneta og hreyfanleika í allri Nordplusáætluninni og ekki eingöngu hjá Nordplus Junior og Nordplus Æðri menntun. Styrkir til undirbúningsheimsókna eiga að gagnast við að undirbúa væntanlega umsókn og tryggja gæði hennar en einnig að koma til viðbótar tengslafundum og öðru fræðslu- og samskiptastarfi á vegum Nordplus.

#### *Mikilvæg framþróun Nordplus*

Áætlunarnefnd Nordplus ákveður endanlega skiptingu fjárveitinga milli fimm undir-áætlana Nordplus, sjá 9. lið í áætlunarskjali Nordplus. Að því loknu er hægt að ákveða breytingar innan ramma hvers undiráætlunar sem nema allt að 10% en fram að þessu hafa mörkin verið 2%. Fyrir vikið verður áætlunin sveigjanlegri og skapar t.a.m. svigrúm fyrir sérstakar stefnumótandi aðgerðir.

Tillagan veitir einnig áætlunarnefnd Nordplus umboð til að skipta árlegum afgangi niður á undiráætlanir á gildistíma áætlunarinnar ef góðar og gildar ástæður eru fyrir því. Upplýsa ber embættismannanefndina um menntun og rannsóknir (EK-U) ef þetta er gert og um ástæðurnar fyrir því.

#### **4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun**

Nordplus styrkir verkefni, samstarfsnet og hreyfanleika milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á sviði menntunar. Stórum hluta fjárveitingar Nordplus er veitt í hreyfanleika milli skóla og háskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Á hverju ári koma rúmlega 7 þúsund nemendur/nemar og rúmlega 2 þúsund kennarar í gestaheimsóknir til annarra Norðurlanda eða Eystrasaltsríkja (hreyfanleiki). Á hverju ári fá um 2.800 menntastofnanir og samtök styrki frá Nordplus til þátttöku í samstarfi yfir landamæri, hreyfanleika, samstarfsnetum og verkefnum á sviði menntamála. Með tíð og tíma á þetta eftir að efla og þróa norrænt samstarf á sviði menntunar, einnig á leikskólastigi og skapa norrænt-baltneskt menntasvæði eins og lýst er í 2. lið í áætlunarskjali Nordplus.

#### **5. Samstarf/skipulag**

Eignarhald, stjórnun og umsýsla Nordplus haldist óbreytt. Módelinu er lýst í 5. lið áætlunarskjals Nordplus.



## 6. Fjárhagsáætlun/áhrif á fjárveitingar

Kveðið er á um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litáen í *Áætlun um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litáen frá 2014*

Fjármögnunarmódel Nordplus helst óbreytt á nýju gildistímabili eins og greint er frá í 9. lið áætlunarskjals Nordplus.

Tilgangi, markmiðum og árangri áætlunarinnar er lýst í fjárlagalið 2–2513 í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2017 fær Nordplus 74,809 milljónir DKK úr fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar (MR–U). Við fjárveitingu Norðurlandanna bætast framlög Eystrasaltsríkjanna.

### Tilvísanir

Heimasíða Nordplus: <http://nordplusonline.org/nor>

Mat á Nordplus (2015): <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A859738&dswid=3857>

Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda (2006): <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A700895&dswid=6670>

Áætlun um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litáen frá 2014 <http://www.norden.org/en/nordic-council-of-ministers/ministers-for-co-operation-mr-sam/estonia-latvia-and-lithuania/guidelines-for-the-nordic-council-of-ministers-co-operation-with-estonia-latvia-and-lithuania-2014>

# Nordplus 2018–2022

## ÁÆTLUNARSKJAL

### 1. Inngangur

*Áætlunarskjal Nordplus:*

- Kynnir ákvörðun um Nordplus fyrir tímabilið frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022 og inniheldur almenn markmið og ákvæði um Nordplus;
- Áætlunarskjalið var samþykkt í Norrænu ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) 5. september 2017 að höfðu samráði við Norðurlandaráð og Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litáen;
- Byggir áfram á hugsuninni að baki „Nordplus-ákvörðunarinnar“ um Nordplus-ramma-áætlunina fyrir tímabilið 2008–2011 og áætlunarskjal Nordplus 2012–2016. Áætlunarskjal Nordplus sem hér liggur fyrir kemur í stað áætlunarskjals Nordplus fyrir tímabilið 2012–2016;
- Fjallar um samþykkt markmið hinna fimm undiráætlana Nordplus en þær eru *Nordplus Horisontal* sem er þvert á áætlanir og fjórar sviðsáætlanir, *Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólastig)*, *Nordplus Æðri menntun*, *Nordplus Voksen (nám fullorðinna)* og *Nordplus Tungumál Norðurlanda*;
- Lýsir markhópum og mögulegum þátttakendum í Nordplus, starfsemi sem áætlunin felur í sér, leiðbeiningum fyrir áætlunarnefnd Nordplus, ákvæði um umsýslu Nordplus og almennum ákvæðum um eftirlit með og mat á áætluninni;
- Lýsir stjórnarfyrikomulagi Nordplus og skiptingu ábyrgðar milli ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) / embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir (EK-U), áætlunarnefndar Nordplus, umsýsluaðila Nordplus, þeirra á meðal aðalumsjónaraðila Nordplus og annarrar umsýslu auk skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar;
- Lýsir grundvelli og ramma þessar auglýst er árlega eftir umsóknum um styrki.

*Áætlunarskjal Nordplus* er tekið saman 2017. Eigandi þess er ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U), en embættismannanefndinni um menntamál og rannsóknir (EK-U) er falið að framfylgja innihaldi þess.

### 2. Almenn markmið Nordplus

Nordplus 2018–2022 byggir á samþykktum almennum markmiðum og fimm undiráætlunum, en þær eru hin þverlæga Nordplus Horisontal og fjórar sviðsáætlanir Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólastig), Nordplus Æðri menntun, Nordplus Voksen (nám fullorðinna) og Nordplus Tungumál Norðurlanda.

Almenn markmið Nordplus 2018–2022 eru að:

- Efla og þróa norrænt samstarf um menntun, einnig á leikskólastigi, og stuðla að myndun menntasvæðis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja;
- Styðja, byggja á, nýta og miðla nýstárlegum afurðum og ferlum á sviði menntamála með því að skiptast reglulega á reynslu og góðum starfsháttum;
- Stuðla að gæðum og nýsköpun í menntakerfum símenntunar í þáttökulöndunum með starfi um menntun og samstarfi við vinnumarkaðinn um þróunarverkefni, samskipti og myndun samstarfsneta;
- Styðja við norræn tungumál og menningu og gagnkvæman skilning á tungumálum og menningu norrænu og baltnesku þjóðanna;
- Efla norrænan tungumálaskilning, einkum hjá börnum og ungmönnum, aðallega milli dönsku, sænsku og norsku;

- Örva áhuga á, þekkingu um og skilning á undirstöðutungumálum norrænna samfélaga (dönsku, finnsku, færeysku, grænlenzku, íslensku, norsku, samísku og sænsku), og táknmálum Norðurlanda.

Áætlunarnefnd Nordplus (sjá 5. lið) ákveður sérleg markmið fyrir hverja undiráætlun. Skulu þau vera í samræmi við almenn markmið áætlunarinnar í heild, og hvorki vera umfangsrík né ítarleg.

Tiltekin markmið áætlunarinnar skulu að jafnaði gilda fyrir allt tímabil hennar, en áætlunarnefnd Nordplus getur fínstíllt þau á tímabilinu til að bregðast við nýjum pólitískum eða stefnumótandi áherslum. Upplýsa ber um tiltekin markmið áætlunarinnar þegar auglýst er eftir umsóknum um styrki á vefsíðu Nordplus og í Nordplus-handbókinni (sjá 5. lið).

### 3. Markhópar áætlunarinnar og þátttaka í áætluninni

- Átta lönd taka þátt í Nordplus 2018–2022 en þau eru Danmörk, Eistland, Finnland, Ísland, Lettland, Litáen, Noregur og Svíþjóð. Grænland, Færeyjar (Danmörk) og Álandseyjar (Finnland) geta tekið þátt í öllu skiptinámi, verkefnum og samstarfsnetum Nordplus ásamt Danmörku, Finnlandi og hinum Nordplus-löndunum.
- Áætlunin er ætluð öllum einstaklingum, stofnunum, samtökum og hópum í Nordplus-löndunum sem hafa menntun og símenntun að aðalmarkmiði eða starfa á sviði menntunar og símenntunar.
- Eingöngu þátttakendur frá fyrrnefndum átta Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum auk Grænlands, Færeyja (Danmerkur) og Álandseyja (Finnlands) geta sótt um styrk frá áætluninni. Engu að síður geta aðilar frá öðrum löndum tekið þátt í starfsemi áætlunarinnar að því tilskildu að þeir greiði sjálfir fyrir sinn hlut og fylgi að öðru leyti ákvæðum áætlunarinnar.
- Aðeins er hægt að sækja um styrki úr áætluninni vegna starfsemi sem fer fram í einhverju Nordplus-landanna átta auk Grænlands, Færeyja (Danmerkur) og Álandseyja (Finnlands).

### 4. Starfsemi áætlunarinnar

- Í allri Nordplus-áætluninni ber að setja í forgang starfsemi, sem styður og stuðlar að samstarfi þátttökulandanna um menntun, og stefnir að því að skapa, þróa og miðla árangri sem á erindi til landanna.
- Gæði skulu sett í forgang í allri starfsemi Nordplus en í því felst að gæði skulu vera meginþættir í úttektar- og valviðmiðum áætlunarinnar.
- Nordplus getur veitt styrki til eftirfarandi starfsemi:
  - Skiptináms
  - Verkefna
  - Samstarfsneta.
- Í samræmi við áætlunarskjal þetta sem ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hefur ákveðið, getur áætlunarnefnd Nordplus tilgreint ítarlegri reglur um umsóknir og þátttöku í undiráætlunum Nordplus að því tilskildu að það samræmist almennum ákvæðum í áætlunarskjali Nordplus og starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Áætlunarnefndin er hvött til að leggja sig fram um að tryggja einsleitni þegar það á við í starfsemi undiráætlanna, og að starfsemin taki tillit til þarfa hverrar undiráætlunar út frá sjónarhóli notandans.

### 5. Stjórnunarfyrirkomulag og ábyrgð

Nordplus er í eigu Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U). Almenn markmið og tilhögun áætlunarinnar eru skráð í *áætlunarskjali Nordplus 2018–2022*, sem hér liggur fyrir. Embættismannanefndinni um menntamál og rannsóknir (EK-U) er falið að framfylgja skjalinu.

Gerðir hafa verið samhljóma sérsamningar við hvert og eitt Eystrasaltsríkjanna, Eistland, Lettland og Litáen, um þátttöku þeirra í áætluninni. Aðalumsjónaraðili Nordplus gefur árlega stutta starfsskýrslu til norrænna og baltneskra embættismanna þar sem greint er frá starfsemi og árangri Nordplus. Hægt er að efna til funda norrænna og baltneskra embættismanna eftir þörfum.

Áætlunarnefnd Nordplus ber sérlega ábyrgð á verkefnavali og úthlutun styrkja áætlunarinnar, hún ber ábyrgð á því að almennum markmiðum áætlunarinnar sé fylgt eftir og gegnir mikilvægu hlutverki við

stefnumótun áætlunarinnar.

Áætlunarnefnd Nordplus starfar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

Nefndin er skipuð fyrir tímabilið 01.01.2018–31.12.2022. Á því tímabili getur ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR–U) / embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK–U) að höfðu samráði við Eystrasaltsríkin ákveðið að gera úttekt á skipulagi nefndarinnar og breyta því ef þurfa þykir.

- Áætlunarnefnd Nordplus ber ábyrgð á Nordplus-áætluninni og tekur ákvarðanir um verkefnaval og úthlutun styrkja áætlunarinnar.
- Áætlunarnefnd Nordplus ber ábyrgð á að stuðla að því að almennum markmiðum áætlunarinnar sé fylgt eftir, og tekur jafnframt þátt í að kynna áætlunina og miðla góðum árangri hennar. Í því felst meðal annars að velja fyrirmyndarverkefni Nordplus á ári hverju til kynningar í þeim tilgangi að styðja yfirfærslu á „bestu starfsháttum“ áætlunarinnar og leggja sitt af mörkum til framþróunar menntakerfanna í Nordplus-löndunum. Áætlunarnefnd Nordplus hefur allar undiráætlanir í sínum verkahring.
- Áætlunarnefndin á að vera upplýst um og fylgjast með starfsemi Nordplus en það gerir hún í samstarfi og samskiptum við menntamálaráðuneyti Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, landskrifstofur Nordplus og þá einkum aðalumsýsluaðila.
- Hvert Nordplus-land útnefnir tvo fulltrúa í nefndina; annar er frjálst valinn en hinn á að búa yfir færni á því sviði sem undiráætlunin nær til<sup>1</sup>. Einnig er útnefndur varamaður í nefndina. Grænland, Færeyjar og Álandseyjar útnefna hvert um sig tvo áheyrnarfulltrúa í nefndina og einn til vara. Listi yfir tilnefnda fulltrúa, áheyrnarfulltrúa og varafulltrúa á að vera aðgengilegur á vefsíðu Nordplus.
- Fulltrúar skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar munu fylgjast með starfi áætlunarnefndar Nordplus sem áheyrnarfulltrúar. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sér um að upplýsa árlega ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir (MR–U) / embættismannanefndina um menntamál og rannsóknir (EK–U) og menntamála- og rannsóknaráðherra Eistlands, Lettlands og Litáen um störf Nordplus og styðst þar við greinargerð frá aðalumsjónaraðila Nordplus.
- Aðalumsjónaraðili Nordplus ber almenna ábyrgð á að þjónusta áætlunarnefnd Nordplus, og tekur saman skýrslur frá landskrifstofunum sem hafa umsjón með undiráætlunum.
- Umsýsluaðili Nordplus sér um fundargerðir nefndarinnar og tryggir að skjöl og aðrar upplýsingar frá nefndinni séu aðgengilegar fyrir alla útnefnda fulltrúa og áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Varamenn fá afrit af skjölum og upplýsingum um nefndina frá umsýsluaðila Nordplus.
- Áætlunarnefnd Nordplus getur falið umsýslustofnun Nordplus að framfylgja ákvörðunum.
- Hafi nefndarfulltrúi eða áheyrnarfulltrúi ekki getað setið nefndarfund eða að öðru leyti ekki átt kost á að sinna nefndarstörfum, ber viðkomandi ábyrgð á að kalla til varafulltrúa og tilkynna umsýslustofnun Nordplus um það.
- Nordplus-samstarfið fer yfirleitt fram á skandinavísku tungumálunum. Hluti samstarfsins og starfsins í áætlunarnefndinni og formlegra funda fer fram á ensku. Efni til sameiginlegra nota er einnig til á ensku.
- Áætlunarnefnd Nordplus velur sér formann og varaformann úr eigin röðum til eins árs í senn. Áætlunarnefndin ákveður sjálf hvort formennskan fylgi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni eða hvort hún velur formennsku á annan hátt.
- Áætlunarnefndin fundar að staðaldri tvisvar á ári:
- Þyki það nauðsynlegt eða hentugt er hægt að setja og samþykkja reglur um starfsferli áætlunarnefndar Nordplus. Er það þá nefndin sjálf sem tekur ákvörðun þar að lútandi og tilkynnir það skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og umsýslustofnun Nordplus.

## 6. Umsýsla áætlunarinnar – Nordplus-umsýslan

Umsýsla Nordplus 2018–2022 á að tryggja áreiðanlega stjórnun, framkvæmd og samhæfingu í allri starfsemi Nordplus.

<sup>1</sup> Um fulltrúa sem löndin útnefna og eiga að búa yfir færni á því sviði sem tiltekin undiráætlun á við um, gildir eftirfarandi:

Eystrasaltsríkin semja innbyrðis um á hvaða sviði/áætlun fulltrúar þeirra eiga að búa yfir. Sama á við um fulltrúa Norðurlandanna fimm.

Nordplus-umsýslan byggir á samstarfsneti sem Norræna ráðherranefndin útnefndir, en það eru landskrifstofur í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð sem skipta með sér ábyrgð á umsýslu einnar undirátætlunar. Umsýslunet Nordplus samanstendur einnig af landskrifstofum Nordplus í Eystrasaltsríkjunum þremur en þær eru útnefndar af menntamála- og rannsóknaráðherrum viðkomandi landa. Upplýsingaskrifstofur (InfoP) Nordplus á Grænlandi, í Færeyjum og Álandseyjum eru tengdar landskrifstofunum í Danmörku og Finnlandi og eru því hluti af umsýsluneti Nordplus. Norræna ráðherranefndin velur eina úr hópi fimm landskrifstofa sem aðalumsýslustofnun Nordplus til þriggja ára með möguleika á framlengingu um tvö ár. Á fimm ára fresti er verkefnið auglýst meðal landskrifstofanna.

Hlutverk og ábyrgð aðalumsjónaraðila Nordplus (HK), þeirrar skrifstofu sem útnefnd er aðalumsýslustofnun Nordplus (HA), landskrifstofa Nordplus (NIK) og upplýsingaskrifstofa Nordplus (InfoP) eru tilgreind nánar í fylgiskjali 1.

*Nordplus-handbókin* er tæki fyrir umsækjendur og þátttakendur í Nordplus. Handbókina er að finna á vefsíðu Nordplus en þar er að finna upplýsingar til notenda um umsóknir um styrki áætlunarinnar og framkvæmd verkefnanna. Umsýslustofnun Nordplus semur handbókina en áætlunarnefnd Nordplus er eigandi Nordplus-handbókarinnar.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar ber ábyrgð á því að fylgja eftir störfum umsýslustofnunar Nordplus með samningum og árlegum skýrslufundum, einkum með aðalumsjónaraðila Nordplus fyrir hönd samstarfsnetsins.

## **7. Almennar grunnreglur um framkvæmd áætlunarinnar**

Eftirfarandi almennar grunnreglur gilda um framkvæmd Nordplus 2018–2022.

### Almennt um Nordplus

- Á ári hverju er auglýst eftir umsóknum um styrki Nordplus og birtir umsýslustofnun auglýsingarnar samtímis í öllum Nordplus-löndunum.
- Sameiginlegur umsóknarfrestur Nordplus er 1. febrúar á hverju ári.
- Landskrifstofur Nordplus geta einnig birt tilteknar auglýsingar hvenær sem er á árinu með hæfilegum umsóknarfresti.
- Árlega er samhæfðu upplýsingaátaki um Nordplus hleypt af stokkunum í öllum Nordplus-löndunum.
- Umsóknir og skýrslur eru sendar inn í sameiginlegt umsókna- og skýrslukerfi Nordplus og fá þar sambærilega afgreiðslu.
- Umsýslustofnun Nordplus getur leitað aðstoðar ytri sérfræðinga til að leggja mat á umsóknir. Ef þess er óskað getur áætlunarnefnd Nordplus samið leiðbeiningar um hvernig ytri sérfræðingar eru valdir og til hvaða verka.
- Þegar umsýsla Nordplus metur umsóknir og skýrslur, og áætlunarnefnd tekur ákvörðun í kjölfarið, gerist það í samræmi við umsamin og gagnsæ gæðaviðmið sem fastsett eru í Nordplus-handbókinni.
- Í ákveðnum þáttum áætlunarinnar er hægt að fela umsýslustofnun Nordplus ákvörðunarvaldið og auka þannig sveigjanleika við móttöku og afgreiðslu einfaldra umsókna. Áætlunarnefnd Nordplus á að semja leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að því að yfirfæra ákvörðunarvaldið til annarra.
- Greina skal frá viðmiðum og ferlum við móttöku, afgreiðslu, mat, úthlutun og eftirfylgni umsókna og birta almenningi á vefsíðu Nordplus og í Nordplus-handbókinni.
- Upplýsingar um úthlutun styrkja Nordplus skulu birtar almenningi á vefsíðu Nordplus.
- Árangur, tölfræði, reynsla og bestu starfshættir Nordplus skulu kynnt og gerð almenningi aðgengileg. Fyrirmyndarverkefni Nordplus skulu valin árlega til sérstakrar kynningar með það fyrir augum að miðla bestu starfsháttum áætlunarinnar og stuðla að framþróun mennta-kerfanna í Nordplus-löndunum. Áætlunarnefnd Nordplus hefur umsýslun með þessu og styðst þar við tillögur frá umsýsluaðila Nordplus í samstarfi við aðrar landskrifstofur Nordplus.

Eftirfarandi almennar grunnreglur gilda um framkvæmd starfsemi Nordplus (þ.e. skiptináms, verkefna og samstarfsneta) 2018–2022.



### Varðandi skiptinám

- Eingöngu er hægt at veita styrki til skiptináms í þremur undirátatlunum en þær eru Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólar), Nordplus Voksen (nám fullorðinna) og Nordplus Æðri menntun. Í Nordplus Horisontal (þvert á áætlanir) og Nordplus Tungumál Norðurlanda eru eingöngu veittir styrkir til verkefna og samstarfsneta.
- Undirbúningsheimsóknir eru hluti af skiptinámi og því geta allar undirátlanir veitt styrki til þeirra. Stjórnarnefnd Nordplus metur hvort þörf sé á því að auglýsa styrki til undirbúningsheimsókna.
- Einstaklingar geta ekki sent inn umsóknir um ferðastyrki heldur eru það stofnanir eða samtök sem senda þær og skal þar styðjast við samning milli eigi færri en einnar stofnunar/samtaka í landi gestsins og eigi færri en einnar gestgjafastofnunar/samtaka í einhverju Nordplus-landanna.
- Leyfileg lengd skiptinámsferða í þremur undirátatlunum (t.d. nemendaskipti, kennaraskipti, bekkjaheimsóknir o.s.frv.) er allt frá einni viku í tólf mánuði.

Upphæðir styrkja til skiptináms eru ákveðnar út frá föstum ferða- og dvalartöxtum. Upphæðirnar eru mismunandi og fara eftir því hvert áfangalandið er. Miklar breytingar á umræddum töxtum, sem myndu hafa mikil áhrif á heildarfjárveitingu áætlunarinnar, eru á ábyrgð ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) / embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir (EK-U) í samráði við menntamála- og rannsóknaráðherra Eistlands, Lettlands og Litáen. Nánar er greint frá umsýslu- og fjárhagsreglum um skiptinámsferðir í Nordplus-handbókinni.

### Varðandi verkefni og samstarfsnet

- Umsóknir um styrki til samstarfsneta og verkefna skulu sendar af stofnun eða samtökum sem hafa umsjón með umræddu verkefni og að henni skulu standa eigi færri en þrjár stofnanir eða samtök frá þremur Nordplus-löndum að henni standa. Undantekningin er Nordplus Tungumál Norðurlanda sem gefur möguleika á tvíhliða samstarfi.
- Umsóknir um styrki til samstarfsneta eru yfirleitt sendar af umsjónaraðila fyrir hönd samstarfsnetsins, það er hóps stofnana eða samtaka, sem starfa á ákveðnu sviði eða að ákveðnu efni á sviði menntamála eða símenntunar.
- Umsóknir um styrki til verkefna skulu sendar af umsjónaraðila fyrir hönd samstarfsnets eða samstarfs milli stofnana eða samtaka sem stofnað hefur verið til um ákveðna starfsemi eða verkefni með tiltekinn árangur í huga.
- Umsóknir um Nordplus-styrki til samstarfsneta og verkefna geta átt við um tímabil allt frá einu upp í þrjú ár.
- Hámarkstímalengd Nordplus-styrks til samstarfsneta er þrjú ár.
- Upphæðir styrkja til samstarfsneta og verkefna geta byggt á föstum töxtum. Áætlunarnefndin metur hvort styrkveitingar undirátatlunar eigi að byggja á föstum töxtum, og tilkynnir það þá um leið og auglýst er eftir umsóknum um styrki.
- Nánar er greint frá umsýslu- og fjárhagsreglum um samstarfsnet og verkefni í Nordplus-handbókinni.

### Varðandi Nordplus-styrki

- Nordplus-styrkir eru skilgreindir sem framlag vegna raunverulegs kostnaðar þátttakenda vegna skiptináms, verkefna og samstarfsneta í Nordplus-löndunum. Umsækjendur um Nordplus þurfa sjálfir að leggja fram fé í verkefnið og er það tilgreint og upplýst í umsókninni.
- Hægt er að veita Nordplus-styrki vegna kostnaðar við skiptinám þvert á áætlanir í samræmi við ákveðna dvalar- og ferðataxta.
- Nordplus-styrkir vegna annarra útgjalda í tengslum við verkefni og samstarfsnet geta numið allt af 50% heildarkostnaðar sem er styrkhæfur. Nordplus-styrkir vegna annarra útgjalda í tengslum við verkefni og samstarfsnet innan Nordplus Voksen (nám fullorðinna), Nordplus Junior (leik-, grunn- og framhaldsskólar) og Nordplus Tungumál Norðurlanda geta numið allt að 75% heildarupphæðar styrkhæfra útgjalda.
- Fjárhagsáætlun starfseminnar á að sýna hvernig staðið er að fjármögnun annars kostnaðar. Beinar fjárupphæðir og önnur framlög í formi vinnustunda í beinum tengslum við Nordplus-verkefnið geta verið hluti af heildarfjárhagsáætlun.
- Miklar breytingar á umræddum töxtum, sem myndu hafa mikil áhrif á heildarfjárveitingu

áætlunarinnar, eru á ábyrgð ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR–U) / embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir (EK–U) í samráði við menntamála- og rannsóknaráðherra Eistlands, Lettlands og Litáen.

Í samræmi við fyrrnefndar almennar grunnreglur um framkvæmd Nordplus, tilgreinir áætlunarnefnd Nordplus sérlegar grunnreglur um framkvæmd hversrar undiráætlunar Nordplus um sig.

Nánari upplýsingar um allar grunnreglur og aðrar reglur um framkvæmd Nordplus er að finna í *Nordplus-handbókinni*. Aðalumsjónaraðili Nordplus, í samstarfi við hinar landskrifstofurnar, ber ábyrgð á uppfærslu handbókarinnar.

#### **8. Miðlun og kynning á árangri áætlunarinnar**

Áætlunarnefnd Nordplus skal eiga almennt samstarf við umsýslu Nordplus, sér í lagi aðalumsjónaraðila Nordplus, fylgjast með starfsemi áætlunarinnar í ljósi markmiða hennar og tryggja og hafa eftirlit með því að árangur, tölfræði, reynsla og bestu starfshættir áætlunarinnar verði markvisst kynntir og miðlað víða.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar ber ábyrgð á að upplýsa árlega ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir (MR–U) / embættismannanefndina um menntamál og rannsóknir (EK–U) og menntamála- og rannsóknaráðherra Eistlands, Lettlands og Litáen um starfsemi Nordplus þar sem stuðst er við skýrslu yfirumsjónaraðila Nordplus.

#### **9. Fjárhagsáætlun áætlunarinnar**

Framlög Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til Nordplus eru reiknuð út frá hlutdeild þeirra í vergum þjóðartekjum landanna (GNP) á síðustu tveimur árum – og stuðst við gengisskráningu á umræddum árum. Um er að ræða sömu reikningsaðferð og stuðst er við þegar framlög norrænu landanna til heildarfjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar eru reiknuð út.

2 milljónir DKK eru eyrnamerktað skiptinámsverkefnum tengdum tungumálum í Nordplus Junior.

Fjárhagsáætlun Nordplus 2018–2022 skiptist samkvæmt eftirfarandi meginreglum.

Á árinu 2018 er skiptingin:

- Nordplus Horisontal fær 8,8% af heildarfjárveitingu Nordplus;
- Undiráætlunin Nordplus Junior fær 23,7% af heildarfjárveitingu Nordplus;
- Undiráætlunin Nordplus Æðri menntun fær 38,7 % af heildarfjárveitingu Nordplus;
- Undiráætlunin Nordplus Voksen fær 10,5% af heildarfjárveitingu Nordplus;
- Undiráætlunin Nordplus Tungumál Norðurlanda fær 23,7% af heildarfjárveitingu Nordplus;
- Umsýsla áætlunarinnar fær 12,3% af heildarfjárveitingu Nordplus;

Áætlunarnefnd Nordplus ákveður á ári hverju endanlega fjárveitingu til undiráætlana Nordplus. Þær má fínstilla allt að 10% innan ramma hversrar undiráætlunar.

Áætlunarnefnd Nordplus getur ákveðið að skipta afgangi hvers árs milli undiráætlana ef góð og stefnumótandi rök eru fyrir því á gildistímabilinu. Ef þetta er gert ber að upplýsa embættismannanefndina um menntun og rannsóknir (EK–U) og greina frá ástæðunum fyrir því.

#### **10. Úttekt á áætluninni**

Norræna ráðherranefndin á að undirbúa óháða úttekt á Nordplus-áætluninni. Áætlun úttektarinnar ber að leggja fyrir ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir (MR–U) / embættismannanefndina um menntamál og rannsóknir (EK–U) áður en þær taka ákvörðun þar að lútandi út frá tillögu áætlunarnefndar Nordplus.